

Hafnarfirði, 21. apríl 2020

Efni: Rekstrarliðir til lækkunar fyrir skipulags- og byggingarráð, vegna Covid 19

Þau verkefni sem falla undir ráðið er að stærstum hluta lögbundin verkefni eða þjónustuverkefni fyrir íbúa Hafnarfjarðarbæjar, annarsvegar verkefni sem snýr að skipulagi bæjarins, það er aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulagsbreytingar og grenndarkynningar. Hins vegar samþykkt á byggingaráformum vegna nýbygginga, breytingar á þegar byggðum eignum, breytingar á lóðamörkum og ekki síst stefnumótun í skipulagsmálum bæjarins.

Þau verkefni sem falla ekki undir þessa upptalningu eru ekki mörg, það er t.d. rukkun gjalda vegna gáma og hreinsunarverkefni í atvinnusvæðum, bæði verkefni sem vert er að halda áfram með en þarf að skoða sérstaklega.

Á þessu ári má búast við meiri tekjum hjá embætti Byggingarfulltrúa vegna fleiri lóðaúthlutuna en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og þá verði minniháttar deiliskipulagsvinna unnin innanhúss, eins og gert er með grenndarkynningar.

Með kveðju,

Sigurður Haraldsson

SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS